

# Samatekt Pælinga 2020.



**Fróðlegt verður að fylgjast** með hvað muni gerast eftir Covid- 19 faraldurinn og er samfélögin eru aftur komin á svipaðan stað og var fyrir pláguna og þá staðreynd alla. Að sjá er allskonar þegar í undirbúningi og málaferli af ýmsum toga á borðinu sem mögulega verður varpað fram er samfélögin hafa aftur rétt úr kútnum og farin að virka eins og eðlilegt má teljast á stað mannanna.

Málaferli, ef af þeim verða, munu samt ekki snúast um einstaklinga heldur verður þeim beint að yfirvöldum, vegna þá mistaka sem þau munu verða vænd um að hafa gert í pestinni og er kom að vernd viðkvæmra hópa samfélagsins. Spyrja má á móti hvernig í ósköpunum megi gera fullkomna vernd í aðstæðum sem þessum og þegar um ósýnilega plágu er að eiga sem engin almennilega veit né vissi hvernig hegði sér og engin lyf eru til við?

Um hvað ættu slík málaferli að snúast verði farið af stað með þau sem sumir í dag telja að séu í farvatninu í hinum ýmsu löndum? Hver gerði ekki allt sem hann gat til verndar sjálfum sér og öðrum,? Hver var kærulaus og hver snerti hurðarhún sem kannski annar tók í rétt á eftir hinum án þess að renna í grun að þar leynist smit vegna snertingar manneskjunnar rétt á undan? Um hvað ættu slík málferli að snúast þegar vitað er að óvinurinn er þessi ósýnilega Covid- 19 veira en engin manneskja. Kannski sjálf eitt fórnarlambanna?

Að gera ríkið skaðabótaskyldt í svona faraldri getur ekki verið neitt nema snúið mál í framkvæmd. Það hins vegar er rétt að yfirvöld ráðfæra sig við færustu lækna og vísindamenn á hverjum tíma og eru auðvitað ábyrg fyrir leiðbeiningunum sem berast almenningi sem og honum er gert að fylgja. Reglugerðin er unnin eftir ábendingum færustu sérfræðinga og settar fram til hjálpar almenningi. Samt smitaðist fólk og því miður sumt dó.

Ekkert af þessu breytir þeirri staðreynd að öll þekking á veirunni var takmörkuð en óx vitaskuld er lengra leið. Van þekkingin er samt vandinn og hitt að engin lyf eru til gegn þessari tegund Covid. Sem betur fer er að koma lausn inn í málið og telja menn sig hafa framleitt bóluefni sem vinni bug á þessum sérstaka veirustofni. Samt stendur enn allt við sama og verður uns farið verður að bólusetja þjóðirnar. Þangað til eru menn óvarðir gegn Covid- 19, eins og verið hefur. Bólusetning er talin hefjast fljótlega á nýju ári og í besta falli í lok ársins 2020. Engin dagsetning hefur þó enn verið gefin út.

Kæru vinir! Við getur ekki bent á neina manneskju eða nokkur yfirvöld og sagt um að hún eða þau hafi ekki staðið sig sem skyldi. Ég tel að allir hafi gert sitt til að varast vágestinn og gert sér grein fyrir alvöru málsins og verið vakandi fyrir ráðleggingum Almannaþingarinnar sem dældu út upplýsingum og héldu fundi til áréttingar því sem gefið hafði verið út og með þeim hætti unnið vel sitt verk en þurfa margoft að grípa til snöggra aðgerða og gera margt sem betra hefði verið að fengi meiri tíma og lengri umfjöllun en var útilokað verk vegna kringumstæðna. Í Covid-19 er raunverulega allt mannkyn stött í sama báti. Hver sem var gat og getur enn fengið pláguna og sama hvernig fólk reynir að verjast henni. Aðgæsla er sem fyrr aflið sem blífir.

Aftur má spyrja. Við hverja hyggjast menn fara í mál og hjá hverjum liggja mistök þegar ljóst er að engin vissi við hvað væri að eiga? Auðvitað er sárt að missa og því miður knúði sorgin dyra of margra húsa vegna Covid-19 og ekki bara á Íslandi heldur líka öðrum löndum heims. Stundum er lífið einfaldlega óvæginn og harður húsbóndi.

Rjúpan á árum áður var oft kölluð "Fátæktarkrás"- sem fátækt fólk eitt í landinu sóttist eftir vegna þess að geta ekki veitt sér neitt annað kjötmeti í matinn á jólum en rjúpuna og fór því útfyrir dyr hjá sér og veiddi rjúpu til að sitt fólk fengi mögulega kjöt að borða á jólum. Í þá daga var engin til Krónan og ekkert Bónus, Hagkaup né hafði nokkurt Kaupfélag verið stofnað. Hvernig rjúpan var veidd á árdaga bara veit ég ekki. Kannski í gildirur einhverskonar. Líklegt er að fátt hafi verið um byssuhólkinn.

Í dag lítur engin rjúpuna sem eitthvað sem fátækt fólk eitt horfi til og borði heldur er hún borin á borð á stórhátíðum eins og jólum sem þrúðbúið fólk sest við og hlakkar yfir sínum rjúpum sem rjúkandi liggja á fötum á borðum húsanna á Aðfangadag, ásamt öllu meðlæti og „Nammi nammi.“

Í dag er rjúpa seld dýru verði í verslunum og veiðarnar á henni háðar veiðileyfi, sem kostar sitt að fá, vilji menn stunda þær. Sakna reyndar hrakfalla sögunnar sem kom á hverju ári um hrakta rjúpnaskyttu sem björgunarsveitin leitaði og fréttirnar fylltust af umfjöllun um og kepptust við að umbreyta í hetju.

Svona breytist ýmislegt hér hjá okkur.

Fátækt hafði annan blæ á sér í landinu í eina tíð en nú er, á tímum allskonar tryggingakerfa sem tryggja fólki lágmarks framfærslu. Er reyndar teygjanlegt hugtak hve há framfærslan skuli vera sem hverjum manni sé ætlað til framfærslu.

Hér áður fyrr merkti fátækt „allsleysi með raunverulega enga leið til björgunar fyrir fátækt fólk“- nema það sem náttúran gaf af sér og eða góðviljað fólk í kring stingi að þessu fátæka fólki einhverju matarkyns vegna þess að eiga sjálft umframbirgðir matvæla. Í allavega það skipti. Náungakærleikurinn blífir á slíkum tímum fátæktar og hjálparhöndin víða, sem rétt var fram. Rjúpa almennt var ekki borðuð en þetta fátæka fólk nýtti sem vildi gera sér glaðan dag í mat, eins og flest okkar líka viljum á stórhátíðum á borð við jól. Og fólkið bjargaði sér oft með þessum hætti.

Samt er líklegt að fólk sem neytti rjúpunnar á jólum hafi ekki fyrirfram verið mikið að flíka því við aðra hvað það át né hafi haft hátt um sitt borðhald vegna orðsporsins sem af rjúpunni fór. Að hafa neytt „Fátæktarkrásar“- að hver vill hafa slíkt orð á sér? Í eina tíð var fátækt viðkvæmt mál í þessu landi en hugsun fólks að þessu leiti talsvert breyst. Sem er vel.

Í dag hefur lítið frést af gangi rjúpnaveiða og máski verður lítið um rjúpu á rjúpna svæðum og hún því höfð á fáum borðum íslenskra heimila um þessi jól sem mögulega verða kennd við COVID- 19 pestina í sögubókum framtíðar vegna fjöldatakmarkanna sem í gangi eru og staðreyndarinnar um að einungis tíu manneskjur megi koma saman.

Í dag leitar fólk með lítið milli handanna til Hjálparstofnanna í borg og bæ og fær úthlutað mat þar og veiðarnar á villtum fuglum öðrum ætlaðar en fátæklingum. Kosta veiðarnar enda í dag nokkurn aur og krefjast allskonar útbúnaðar sem menn fá sér. Þetta útskíri hví allir þessir veiðimenn séu eins.

**Höfuðborg Íslands heitir Reykjavík.** Hún er höfuðborg hvers Íslendinga sem hér fæðist hvort sem viðkomandi kemur til með að vera þakklátur fyrir sína höfuðborg eða hefur uppi önnur viðhorf gagnvart henni. Í mínu æsku umhverfi voru ferðir til Reykjavíkur ekki daglegar og er ég líklega á áttunda ári er ég fyrst fór þangað yfir frá Hafnarfirði. Með þá líklega foreldrum mínum. Þó ekki muni ég það eitt hundrað prósent né heldur hví var farið. Minnir samt að ástæðan sé 17 júní hátíðarhöldin.

Í þá daga heyrði til undantekningu ynnu menn ekki í bænum sem þeir bjuggu í. Fátítt var að reykvíkingar sæktu vinnu til Hafnarfjarðar. Skeði það voru það hafnfirðingar sem unnu í Reykjavík. Algengara var þó að hver hafi atvinnu í heimabænum og skilst betur skoðað þeim augum að bifreiðaeign fólks var ekki almenn. Kópavogur var þarna með en gegnum hann bara ekið án þess að koma þar við. Nema til að heimsækja frænda og frænku sem þar bjuggu og fyrir kom að kíkt var við hjá þeim. Var Kópavogur enda svefnbær, en með sitt Kópavogsbíó. Garðabær var og svefnbær með rakarastofu og Vífilsstaði en ekkert bíó.

Reykjavík hefur þanist út í allar áttir og er enn að þenjast út. Þar er byggt. Tískuorðin nú eru „Þétting byggðar,“ Skolp allt frá borgarbúum fer í gegnum síu vélbúnaðar sem hreinsa gumsið og á eftir dælir út í hafsauga. Fiskarnir sem áður áttu samastað við skolp rörenda og náðu stutt út í sjóinn á háfjörðu þáðu frá þeim hellings næringu en gera ekki lengur og verða að hafa talsvert meira fyrir sinni fæðuöflun en var á meðan rörin voru þar sem þau áður voru staðsett og fluttu það sem í klósettin small og gusaðist um rörin eftir sturtað hafði verið niður. Síurnar og hreinsistöðvarnar eru teknar við sem áður voru smáufsans lifibrauð í höfninni og varð honum gríðarleg áfall og hefur ekki borið sitt barr frá þeim tíma.

Pólitíkin Reykjavík og Hafnarfirði var merkt litum. Pólitísku litirnir voru ýmist bláir, dökkrauðir, aðeins minna rauðir og eða grænir. Að þessum litum hallaðist fólk og gekk sumt alla leið og varði sinn lit eins birna húna sína segði einhver eitthvað sem þótt ekki viðeigandi. Sem gat verið margt og gerði að verkum að hrikta tók í og hvessa í formi orða. Engin lognmolla kringum bæjarpólitíkina og menn ýmist kratar í gegn, íhaldsmenn í gegn, framsóknarmenn í gegn eða sannfærðir kommar sem vörðu Sovétríkin hvenær sem hallaði var á þau. Mest þá gegnum skrif dagblaða, mest þó veins dagblað og kennt við Sjálfstæðisflokkinn, sem ekki var eins sannfærður um gildi og stefnu kommanna og margur hver.

Sjálfur var maður sem krakki sjálfstæðismaður vegna þess að faðir minn blessaður var sjálfstæðismaður en mamma aftur á móti krati og er ég hissa á að maður skuli ekki hafi verið þeim megin flokkslínu miðað við hversu mikill mömmustrákur maður var.

Í dag er Reykjavíkurborg að mínu áliti ekki vel stjórnað og mín skoðun að verði ekki skipt um stjórnendur í næstu kosningum stefni margt þar í vandan og verri farveg. Margt í borginni er látið drabbast niður og allskonar framkvæmdir og vegir og götur borgarinnar illa hirtar og malbik víða illa farið og skemmt og ökumenn enn að veltast um á gömlum malbiks öldum á sumum vegum og þeir hafa gert og ekkert útlit fyrir að breyting verði á.

Bragga grey sem ráðist var í að endurbyggja endaði í hæstu tölu sem finna má yfir slíka braggabyggingu. Sorpa, það ágæta fyrirtæki, komst í fréttirnar vegna fjárhæðar sem þar runnu um ganga og sali sem menn skilja ekki alveg hvernig liggja. Margt annað hefur og skeð á núverandi kjörtímabili sem segir okkur skírt mikilvægi þess þar verði að skipta út fólki. Hvað segja mínir menn í Sjálfstæðisflokknum? Eru þeir að brýna sig upp í að taka borgina? Í auðvitað næstu kosningum.

**Söfnuður Guðs lýtur reglum** sem menn hafa ekki sett honum heldur Guð. Og vegna þess að svo er í stakkinn búið segjum við kinnroðalaust að reglur um söfnuði Guðs séu góðar. Og af því að Guð veit allt um veikleika fólks að þá kemur hann fram með reglur sem allir geti fylgt. Við erum án afsökunar ef við hlýðum ekki Guði og þurfum að sjá mikilvægi þess sem trúað fólk. Eitt sem hjálplegt er, er að bera hag safnaðarins fyrir brjósti. Slík hugsun ýtir okkur að Orði Guðs. Einstaklingur er eitt, hópur annað. Ekki rugla þessu saman. Hver og einn sem fylgir Orðinu er á góðum stað með sig sjálfan. Engin spurning. Fylgi allur hópurinn sama fordæmi sjáum við öflugan hóp og mikinn Guðsbarna her sem Drottinn getur notað til margvíslegra góðverka. Já, góðverka. Góðverk eru góð. Slíkur hópur, væri hann ekki „fullkominn Guðsbarna ópur“- sem gaman væri að tilheyra? En hvar er hann?

Af lestri Nýja testamentisins sjáum við reglur Drottins og þær sem hann vill að við séum undir. Skoðum áhugaverðan stað sem segir svolítið til um það hvernig Drottinn hugsar:

1Tímóteusarbréf. 5. 17-18. Ef trúuð kona á fyrir ekkjum að sjá skal hún sjá fyrir þeim, og eigi hafi söfnuðurinn þyngsli af því að hann þarf að geta hjálpað þeim sem eru ekkjur og einstæðar.

Öldungar þeir sem veita góða forstöðu séu hafðir í tvöföldum metum, allra helst þeir sem leggja hart að sér við boðun og fræðslu. Því að Ritningin segir: „Þú skalt ekki múlbinda uxann er hann preskir,“ og: „Verður er verkamaðurinn launa sinna.“-

Hér er skýrt mælt og reglur settar fram sem allir eiga að geta sinnt. Reglurnar sem við lásu eru að segja að fólk, einstaklingur sem skyldum hefur að gegna, geri þá sínar skyldur og eigi til tíma til að sinna þeim. Tími! Hve mörgu fólki skortir hann ekki til að fá gert vilja Guðs? Endalausar afsakanir.

Enn og aftur komum við að þeirri mikilvægu hugsun að með því sem ég geri framkvæmi ég vilja Guðs. Ekki eigin skinni né neinu fólki. Við vorum að lesa rétt í þessu hvað Drottinn vill með mig. Er vandinn ekki oft hann hjá mörgu okkar hversu reikull hugurinn er gagnvart vilja Guðs og á reiki?

Sjáum við ekki akkinn í að ná að vinna eftir fyrirkomulagi Guðs? Og kemur ekki skírt fram verk safnaðar annars vegar og verk einstaklings hins vegar í sama söfnuði og að báðir hafa ákveðnu hlutverki að gegna og báðir verða að gera sitt til að kerfið virki eins og það er sett upp til að gera og Guð sjálfur gefur skýr fyrirmæli um? Sjáum við ekki einnig hve einfalt þetta er sem Guð birtir okkur og einnig hvað mörg okkar erum komin langt í burtu frá þessu ágæta Orði Guðs og vilja lifandi Guðs? Og skiljum við ekki betur núna hvað átt sé við í ritningunni sem segir: „Aftur til Orðsins.“ Orðið er óbreytanlegur vilji Guðs.

Hver er svo grunnhugsun í ritningaversanna hér ofar?: „Ég geri mitt, sem bý við slíkar aðstæður, segjum það, til að söfnuðurinn geti hindrunarlaust gert sitt.“- Þetta eru byttin. Ég má ekki haga mér með þeim hætti að starfsemi safnaðarins á einhvern hátt riðlist heldur er mitt að ýta undir að þar gangi allt snurðulaust. Vilji Guðs er að allir hjálpast að og er hugsun sem Guð vill gefa fólki en nær illa fötfestu af þeirri ástæðu að fólk hugleiðir Guðs vilja ekki mikið. Frasarnir ganga og bera jafnvel annars konar boðskap, en breyta ekki Orði Guðs? Mitt er að sinni eigin aðstæðum samkvæmt vilja Guðs. Sjáum um okkar part og hættum að varpa verkum

yfir á herðar annarra. Engin má vera stykk frí. Við þekkjum eigin aðstæður og getum gert vilja Guðs í þeim, búum við þær sem hér ofar eru tilgreindar. Sjáum við ekki hversu brýnt er að vera vel að sér í Orði Guðs? Frasanna. Ráð manna. Látum þau eiga sig.

**Vísindin eru merkilegt fyrirbæri** með svör við öllu og engu og leitast endalaust við að finna nýtt svar og nýtt viðfangsefni og allskonar sem þau telja að brenni á mannkyni án þess að vita að mannkyni er slétt sama um hvort vísundunum takist að loka hring eða hann verði áfram opinn og herslumuninn einan vanti upp á að hann náist saman og fólk loks fái að vita allt sem hugurinn leitar en engin manneskja þælir í. Alltaf herslumunur á að lokasvar við spurningu komi. Og hugsunina um herslumuninn drífur sum vísindaverk áfram árum og áratugum saman. Samt vantar alltaf þennan herslumun á til að loka hring til að geta sagt við mann og annan að svör séu kominn við öllum spurningum sem mögulega og hugsanlega gætu komið upp í huga fáfróðs, afsakið, stórgáfaðs almúga sem ratar ekki alltaf heim til sín. En slíkt gerist bara eftir svall og svínarí næturinnar. Hér má heyra móðgandi orð um svín, skepnuna. Átt við hana. En svall og svínarí né neitt svoleiðis má á tímum COVID. Át á svínakjöti er áfram heimilt, bæði feitt og magurt. Hollustan er að vísu ekki vísindalega sönnuð en maginn gefur heimildina. En hvað er að marka magatetur manns?

Vísindin halda sér við sinn steðja og vísindast áfram þessi líka lífandis ósköp og gramsa í öllu opnu og opna hitt sem enn er lokað til að gá hvar þar kunni að leynast og horfa á eftir út í hvert horn því þar gæti einnig leynst eitthvað áhugavert sem krefur þau svars og vísindalegrar nálgunnar. Og þau fara með sitt út fyrir gufuhvolfið í sinni leitað einhverju sem þar kunni að vera en engin veit hvað geti verið, né þau sjálf. Nema óljóst. Óvissan ein og sér gerir leitina bara skemmtilegri og eru vísindin því í endalausum áhættu- og óvissuferðum. Sem kunnugt er þykja óvissuferðir skemmtilegri en hinar þar sem allt er þaulskipulagt og fyrirsjáanlegt en sumum finnst ósköp leiðinlegt ástand.

Rökin fyrir öllu og engu koma eins og á færibaldi og allt, frat á, lagt til hliðar og gert til að eitthvað bitastæðara en, fratið á, verði niðurstaðan. Að vísu skilur svona lagað ekki nokkur maður. En svona líka eru vísindin á köflum og koma stundum með eitthvað sem engin maður skilur í en gerir endalausú leitina talsvert áhugaverðari. Alltaf má vona svars. Og hver leitar kassinn tekur við af öðrum og er opnaður.

Þegar svo fjármuni fer að skorta í merkilegri veröld vísindanna er sama saga borin fram um líklega og mögulega líf á einhverri reikistjörnunni einhverstaðar í óravíddum himingeimsins sem þó er búið að gefa nafn sem mikilvægt sé að skoða betur en sé óvinnandi verk fyrir staurblönk vísindi að eiga neitt meira við. Með þeim hætti er þrýstingur ítrekað settur á ríkissjóði heimsins sem hingað til hafa verið tilbúnir að veita nokkrum, ómældum millum reyndar, í verkefnið. Mögulega og hugsanlega gæti nefnilega verið til líf á öðrum reikistjörnum og Guð þar með burt skírður út úr myndinni í eitt skipti fyrir öll. Akkur það?

En ætli það. Ætli Drottinn sitji ekki á sama stað og verið hefur en breytir ekki hinu að alltaf annað veiðið koma fregnir úr ranni ágætra vísinda um vísbendingu um skilyrði til lífs á öðrum

hnöttum, sem aldrei er samt neitt annað en óljós og óskilgreind vísbending. Og svo ekki sögunni meir.

Hversu oft er ekki þekkingarleit manna tóm steypa? Ekkert breytist sem fær menn ofan af svona löguðu nema fullvissa einstaklings um lífandi, eilífan Guð sem skapar allt, umvefur allt og hefur gert allt sem til er og einnig himingeimnum vegna þess að vera skapari sem markaði lífinu stað á staðnum sem heitir Jörð og er ástæðan fyrir að ennþá hefur ekkert annað líf fundist í öllum þessum óráviddum geimsins nema lífið sem leynist á Jörðinni, sem þó hefur verið þakið blóði vegna manna og kvenna frá syndafalli. Eina sem hnekkir valdi syndar er kross Jesús Krists. Við þurfum ekki vissu um líf á öðrum hnöttum heldur Jesús sem gefur Heilagann Anda og fyllir hjartað trú. Sé fullvissa mín þar tel ég vera mér góða þekkingu.

**Líklega hefur ekki framhjá** neinum farið að bóluefnið sé komið sem menn voru að bíða eftir frá því að ljóst var að hér væri komin faraldur sem engin lyf né lækning væri til við. Nú sem sagt er langþráð bóluefnið komið og strax farið að örla á nöldri vegna sama bóluefnis. Sagt er að aðeins fimm skammtar hafi náðst úr einu glasi þó fullyrt hafi verið að ætti að innihalda sex skammta.

Allskonar sögur hafa gengið um þetta bóluefni og gerð þess og það talið vera fljótaskrift og allir þessir óteljandi „sérfræðingar“ tjá sig um og fullyrða eitt og annað sem oft er algerlega á skjön við þá sem mest vitið hafa haft á öllu þessu COVID-19 máli og við hingað til höfum getað farið eftir og ættum einnig að geta gert er kemur að þessu bóluefni, í stað þess að sjá í hverju horni einhverja handvömm og nota sem rök hraðan sem einkum liggur í góðri samvinnu sem menn höfðu sín á milli sem standa í þessari vinnu.

Talað er um að hraðinn sé tilkomin vegna einmitt allra þessara handa og huga sem vinna að þessu sameiginlega verkefni og er eðlileg niðurstaða horft til þess að allur heimur er undir og ekkert minna heldur en það. Við vitum að hvar sem margir leggja á ráðin fæst mögulega hraðari niðurstaða því þekkingin á svona bóluefnum er til staðar og margt hægt að nota úr einu bóluefni í vinnu sem miðar að því að búa til nýtt bóluefni. Og akkúrat þetta hafa allir þessir menn verið að gera á undanförunum mánuðum og er nýjungin. Þar, eins og víða annars staðar er, hefur hver hugsað um eigin hag og málið verið að verða fyrstur með sína framleiðslu á markað. Öllu þessu var nú klippt burtu vegna sérstakra aðstæðna sem upp komu í veröld allri og við vitum af hvers völdum og skírir ágætlega hraðan sem verið hefur á þessu.

Það sem mönnum dettur til hugar að segja er með ólíkindum og er bein ábending til okkar allra um allan þennan efa, tortryggni og hik sem gengur með fólki og hversu erfitt því gengur að treysta. Jafnvel upplýsingum frá fólki, til að mynda Almannavörnum og Landlæknisembættinu, sem hafa leitt þessa þjóð á erfiðleikatímum og gert með stakri þryði. Hví skildi þetta fólk bera fram ósannindi nú í yfirlýsingum sínum? Hverra hagur væri það?

Trúum orðum og yfirlýsingum frá þessu fólki og höldum okkur við þær en hlustum minna og sjaldnar á raddir allra þessara sjálfskipuðu sérfræðinga sem, er upp er staðið, vita jafn lítið um þetta mál og þetta bóluefni og bara ég og þú. Samt má hafa á skoðun. En hún er annað.

Vissulega er fólkinu vorkunn því svona tal byggir oft á ótta sem einnig er eðlilegt að láti á sér kræla og komi upp við slíkar aðstæður. Munum að öll erum við á sama bát og öll að glíma við sama vá sem mun ekki fara í neitt manngreinaralit og taka sér bólfestu bæði í ríkum og fátækum og hverri manneskju sem er í færi. Þannig er þetta.

Að tala um að einhver yfirstétt fái góða bóluefnið en smælinginn hið lélega er kjaftæði sem þarf að kveða niður hvar sem slíkt tal heyrir því að með þeim hætti er þetta ekki. Munum að mörg ríki hafa samþykkt efnin sem boðin hafa verið fram og viðurkennt þau. Ekkert ríki gefur samþykki sitt nema að fyrir liggi traustar og áreiðanlegar heimildir um gagnsemi og hvaða áhrif efnin hafi á heilsu einstaklinga. Niðurstöðum þessum má treysta. Hár og lár, ríkur og fátækur, haltur og hin sem farlama er búa jafnir að alltént þessu leiti og geta öruggir farið í bólusetningu. Það er að segja, vilji fólk sjálf láta bólusetja sig. Hvert og eitt okkar hefur úrslita vald er kemur að bólusetningunni. Í góðu lagi er að vilja fyrst skoða málið. Gerum það bara á réttum grunni.

Við skulum ekki taka allt trúanlegt sem sagt er um að óhreint mjöl leynist í pokahorni heldur muna að ríkin hafa gefið samþykki sitt og að ekkert ríki geri slíkt nema að vel athuguðu máli byggðum á traustum heimildum. Annað er þvættingur sem enga skoðun stenst.